

1854.

2. að leggja megi konungsjörðina Viðvík til hins sam-
 30.septbr. einaða brauðs Hóla, Viðvíkur og Hofstaða til fullrar eignar, til
 ábýlisjarðar fyrir prestinn í brauðinu, en ljensjörðin Hjaltastaðir
 og hjáleigurnar Hjaltastaðahvammur og Hjaltastaðakot, sem nú
 eru eign Flugumýrar og Hofstaðabrauðs, skulu þá verða kon-
 ungseign.

14. októbr. 91. Brjef dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins um skipgjald.

Stiptamtmaðurinn hafði sent til stjórnarinnar brjef frá bæjar-
 fóetanum í Reykjavík, er bað um úrskurð stjórnarinnar um það:

1. hvort að taka megi gjöld þau, sem ákveðin eru í auka-
 tekjureglugjörðinni 10. september 1830, 62. gr., fyrir að fá ný
 skipaskjöl, ásamt gjaldi því, er til er tekið í 8. gr. laganna
 15. apríl þ. á.

2. hvort líka megi taka gjald það, sem ákveðið er í til-
 skipun 11. september 1816, 11. gr., ásamt gjaldi því, er til er
 tekið í 8. gr. laganna 15. apríl þ. á., þar eð það er ákveðið
 með sjerstöku lagaboði, og

3. ef að þessu sje neitað, hvort hann (bæjarfóetinn) þá
 ekki geti fengið uppbót fyrir gjald það, er hann hefur haft fyrir
 að endurnýja skipaskjöl, samkvæmt opnu brjefi 28. desember 1836,
 15. gr., og kveður hann gjöld þessi, sem eptir lögnum 15.
 apríl ekki á að gjalda framvegis, hafa verið hjerumbil 30 rda
 á ári í Reykjavíkurl þinghá.

Þessu svaraði stjórnin á þessa leið:

1. Þar eð lögin 15. apríl þ. á. leggja ekki þessum valds-
 manni önnur störf á herðar, er siglingar snerta, heldur en hann
 hafði eptir hinni eldri löggjöf, getur það ekki verið umtalsmál, að
 heimta megi gjald það, sem talað er um í aukatekjureglugjörðinni
 10. september 1830, 62. gr., eða nokkurn hluta þess, ásamt
 gjaldi því sem ákveðið er í áður nefndum lögum.

2. Þó nú svo væri, að gjald það, sem um ræðir í tilskipun
 11. septemb. 1816, 11. gr., væri ekki úr lögum tekið með

áminnstri 62. gr. í aukatekjureglugjörðinni 10. sept. 1830, er þó ^{1854.} virðist, þar eð menn ekki vita til, að það hafi verið heimtað ^{14. októbr.} síðan hún kom út, þá er það þó nú úr lögum tekið, fyrst að það er ekki ánýjað í lögunum 15. apríl þ. á., enda hafa þau numið allt burtu, er 11. gr. þessi var byggð á.

3. Íslenzkir valdsmenn geta ekki fengið neinar bætur fyrir gjöld þau, sem tekin eru af eptir hinu nýja fyrirkomulagi á verzluninni, því það liggur í augum uppi, að embættismenn, sem hafa aukatekjur að launum, að nokkru eða öllu leyti, geta ekki beðizt bóta, þó tekjur þessar með seinni lögum sjeu minnkaðar eða teknar af með öllu, og jafnvel ekki, þó að þeir verði að halda áfram að gegna störfum þeim, sem gjöldin eru fyrir, og þá því síður þegar af lögunum leiðir, að þessi störf hætta. Það er ekki nema stöku sinnum, þegar þess konar lagabreyting gjörir einhverjum embættismanni stórskaða, að honum er veitt uppbót á því, en það er svo langt frá, að slíkt geti komið til greina sökum lagabreytingar þeirrar, sem orðin er á um íslenzku verzlunina, að það er ætlandi, að hún auki fremur en minnki tekjur íslenzkra valdsmanna.

20. Brjef hinnar íslenzku stjórnardeildar til amtmanns- 13. októbr. ins í norður- og austurumdæminu um borgun fyrir veitingabrjef.

Amtmaðurinn hafði sent til stjórnarinnar fyrirspurn frá prestinum á Hofi í Norðurmúlasýslu um það, hvort það væri ekki móti venju, að hann, er áður hafði goldið hið lögboðna gjald 14 rdi 48 sk., fyrir staðfestingu á veitingarbrjefi fyrir Glaumbæjarbrauði í Skagafjarðarprófastsdæmi, skyldi nú aptur gjalda jafnmikið fyrir staðfestingu 27. marz næstliðinn á veitingarbrjefi hans fyrir Hofsbrauði.

Stjórnin svarar: að það sje venja að láta gjalda fyrir staðfestingu á veitingabrjefum presta eins og almenn lofagjöld (*Bevillingsgebyrer*), og eigi því að greiða það gjald í hvert skipti þegar slík staðfesting er veitt.